

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Fiskeldi Austfjarða hf.	18. september 2018	Berufirði	2 eftir breytingu á viðauka I í reg. 785/1999 árið 2012
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
520412-0930	01.07.2027	Já	Sjókvíar, 6000 tonn af laxi og 2000 tonn af regnbogasilungi

Starfsemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		Framleiðslumagn á regnbogasilungi var 2.480 tonn árið 2017. En framleiðsla ársins 2018 mun ekki fara fram úr heimildum.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Ala nú eingöngu lax.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Komið en reikna þarf efnalosunina út í kg/framleitt tonn
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Skilað 8. maí sl.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Komið, í gæðahandbók en þarf að skila hverri áætlun á sér skjali. Rekstaraðili mun skila áætlunum í sér skjölum til stofnunarinnar.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi

Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í lagi
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Vantar í sér skjali. Rekstraraðili mun senda stofnunninni.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?		X		
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Sýnataka í Svarthamarsvík 2017. Rekstraraðili hafði ekki þær upplýsingar á staðnum.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Örlítið bar á froðu
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.			X	
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Sjór

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X X			Kvittanir sendar á UST
Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Rekstraraðili hafði þær upplýsingar ekki á staðnum.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.	X			Komið fyrir 2017
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Rorum tekur bornsýnatöku núna í september 2018.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

20.09.2017: Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu en eitt frávík kom fram er varðar misræmi í skráningum á dauðfisk og urðun lífræns úrgangs á urðunarstað
09.06.2017: Tvö frávík komu fram í eftirliti er varða ranga staðsetningu kvía og skila á ársskýrslu. Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu er varðar að ekki er búið að uppfæra vöktunaráætlun.

Samantekt: Staðfest er hér með að kvíar sem voru utan leyfilegs eldissvæðis hafa verið fjarlægðar.
FA fór fram úr heimild sinni, um 480 tonn, til framleiðslu á regnbogasilungi árið 2017. Fyrirtækið mun ekki fara fram úr heimild sinnu um framleiðslumagni árið 2018.

Annað

Undirskrift eftirlitsmanns: Erna Karen Óskarsdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Berufjörður



Dags eftirlits	18.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Erna Karen Óskarsdóttir
Heimili	Vörðu	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jónatan Þórðarson	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Erlendur Gíslason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram komu tvö frávik frá starfsleyfi, Rekstraraðili fór yfir heimilaða framleiðslu árið 2017 og grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var ekki skilað fyrir 1. maí. Komið er tveim ábendingum á framfæri til rekstraraðila varðandi viðbragðsáætlanir, neyðaráætlun og umhverfismarkmið fyrirtækisins.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hljóðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Staðfest er hér með að kvíar sem voru utan leyfilegs eldissvæðis hafa verið fjarlægðar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 1.2	Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 6000 tonnum af laxi og allt að 2000 tonnum af regnbogasilungi á ári. Árið 2017 var framleiðslumagn regnbogasilungs 2129 tonn. Skv. rekstraraðila mun framleiðslumagn ársins 2018 ekki fara fram úr heimildum.
grein 3.4	Skila skal Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Umhverfisstofnun barst gögn 8. maí og er frávikin lokað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili er beðinn um að senda uppfærðar viðbragðsáætlanir og neyðaráætlun til stofnunarinnar ásamt niðurstöðum úr sýnatökum.

Rekstraraðili kannaðist ekki við umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi í eftirliti en stofnunin hefur fengið þau gögn send áður. Rekstraraðila er skylt að setja sér umhverfismarkmið og starfa skv. þeim.

13.11.2018

- Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Einar Halldórsson